

## Fundastjóri, ágætu sjóðfélagar

Árið 2017 var gott og viðburðaríkt í rekstri lífeyrissjóðsins Gildi. Ávöxtun fjármuna sjóðsins gekk vel; ávöxtun samtryggingardeildar var 7,7% sem þýðir að hrein ávöxtun að teknu tilliti til verðbólgu nam 5,8%. Þessi góða afkoma nú skýrist einkum af góðri ávöxtun erlendra hlutabréfa og innlendra skuldabréfa. Ef afkoma sjóðsins er skoðuð í sögulegu samhengi má einnig þökkalega vel við una. Meðalraunávöxtun sjóðsins síðustu 5 ár nemur 5,4 %. Það þýðir að rekstur sjóðsins síðustu ár hefur almennt gengið vel og ætti sá góði árangur að vera sjóðfélögum fagnaðarefni.

Hrein eign sjóðsins hækkaði á árinu 2017 um tæplega 46 milljarða, úr tæplega 472 milljörðum í rúma 517 milljarða. Tryggingafræðileg staða sjóðsins batnaði einnig á árinu um 1,2 prósentustig. Í lok árs 2016 var hún neikvæð um 2,7% en í lok 2017 neikvæð um 1,5%.

### Erlendar fjárfestingar

Það er stefna Gildis og hluti af áhættustýringu sjóðsins að eiga vel dreift eignasafn sem ekki byggir eingöngu á íslenska hagkerfinu. Um miðjan mars 2017 aflétti Seðlabanki Íslands fjármagnshöftum af fjárfestingum lífeyrissjóða utan Íslands og nýtti sjóðurinn sér það til að auka enn frekar við erlendar fjárfestingar á árinu. Sjóðurinn keypti erlend verðbréf fyrir um 10,5 millj.kr. umfram þau sem hann seldi á árinu 2017. Erlendar eignir sjóðsins námu því tæplega 150 millj.kr. í árslok og hækkaði því hlutfall eigna sjóðsins í erlendri mynt úr 27% í ársbyrjun í 32,7% í árslok 2017, en sumar eignir sjóðsins teljast innlendar þrátt fyrir að þær séu gengisbundnar.

Í fjárfestingarstefnu hefur sjóðurinn sett sér markmið um enn frekari fjárfestingar erlendis, með áherslu á að auka við fjölbreytni í eignadreifingu innan erlendra eignaflokka.

### Aukið upplýsingastreymi

Sjóðurinn hefur á undanförunum árum lagt sífellt ríkari áherslu á öflugna upplýsingagiöf og gagnsæi. Tvö stór skref voru stigin í þeirri vegferð á árinu 2017. Annars vegar var tekin í notkun ný heimasíða seinnipart ársins sem vonandi verður til mikilla hagsbóta fyrir sjóðfélaga, launagreiðendur, lántakendur og aðra sem þurfa á upplýsingum eða þjónustu sjóðsins að halda. Þá var það skref stigið í upphafi árs að ráða upplýsingafulltrúa eða forstöðumann upplýsingamála sem að mati stjórnar er þegar búinn að sanna að full þörf var orðin á starfsmanni í það hlutverk.

### Auknar lánveitingar til sjóðfélaga

Lánveitingar til sjóðfélaga Gildis hafa aukist mikið á síðustu misserum og hafa þær orðið sífellt stærri hluti af starfsemi sjóðsins. Ljóst er að Gildi getur lánað sjóðfélögum sínum til húsnæðiskaupa og endurfjármögnunar íbúðarhúsnæðis á mun betri kjörum en viðskiptabankarnir bjóða. Sjóðfélagar hafa tekið þessari breytingu fagnandi. Gildi hefur verið leiðandi í þessari þróun og hafa lánveitingar sjóðsins aukist hratt síðustu árin. Þannig veitti sjóðurinn 878 ný lán á árinu 2017 að fjárhæð tæplega 13 milljarða. Árið áður veitti sjóðurinn samtals 625 lán og fjölgaði útlánum því um rúmlega 40% milli ára. Þessi þróun hefur haldið áfram það sem af er ári 2018.

## **Hluthafastefna**

Stjórn Gildis hefur áfram fylgt eftir áherslum í hluthafastefnu sjóðsins sem samþykkt var í ársbyrjun 2015. Hluthafastefnan markar stefnu og stjórnarhætti Gildis-lífeyrissjóðs sem eiganda í þeim félögum sem hann fjárfestir í. Stjórn sjóðsins vill stuðla að auknu gegnsæi og vekja athygli á ábyrgð hans sem eiganda og fjárfestis á markaði. Markmiðið er meðal annars að beita sér sem eigandi í félögum þar sem sjóðurinn er hluthafi, í þeim tilgangi að stuðla að langtímahagsmunum og sjálfbærni félaganna en einnig ábyrgra stjórnarháttanna. Sjóðurinn hefur með markvissum hætti og svo eftir hefur verið tekið komið áherslum sínum á framfæri við þau félög sem falla undir hluthafastefnu sjóðsins. Þá hefur sjóðurinn fyrstur lífeyrissjóða birt á heimasíðu sinni yfirlit yfir það hvernig hann beitir atkvæðisrétti sínum á aðalfundum hlutafélaga.

Nokkur umræða hefur verið um starfskjarastefnur félaga skráðra á hlutabréfamarkaði á síðustu vikum. Í því ljósi er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir að Gildi beitir sér ekki í gegnum einstaka stjórnarmenn, slíkt eru ekki góðir stjórnarhættir. Hins vegar hafa fulltrúar Gildis verið í fararbroddi á aðalfundum þessara félaga og kallað eftir og beitt sér fyrir að starfskjarastefnur séu skýrar og unnar með langtímahagsmunum félaganna að leiðarljósi. Vil ég í því sambandi benda sérstaklega á bókun Gildis á aðalfundi N1 sem birt er á heimasíðu sjóðsins.

## **Stefna um ábyrgar fjárfestingar**

Á árinu 2017 markaði Gildi sér stefnu um ábyrgar fjárfestingar. Með ábyrgum fjárfestingum er átt við að litið sé til umhverfismála, félagslegra málefna og stjórnarháttanna í fjárfestingum. Þá stefnu má finna í ársskýrslu Gildis 2017. Þá var Gildi einn af stofnaðilum IcelandSif, samtaka um ábyrgar og sjálfbærar fjárfestingar á Íslandi, sem stofnuð voru í nóvember af breiðum hópi innlendra fagfjárfesta. Samtökunum er ætlað að stuðla að aukinni þekkingu og umræðu um sjálfbærar og ábyrgar fjárfestingar.

## **Jöfnun lífeyrisréttinda**

Stór skref hafa verið stigin undanfarin misseri í átt að jöfnun lífeyrisréttinda milli almenna vinnumarkaðarins og þess opinbera. Hluti af þeirri vegferð liggur í hækkuðu framlagi atvinnurekenda í almenna lífeyrissjóði og á árinu 2018 verður lokaskrefið stigið þegar framlagið hækkar í 11,5%. Þessum breytingum hljóta allir sem greiða í Gildi að fagna, enda mun þetta tryggja lífeyrisþegum framtíðarinnar bætt lífeyrisréttindi.

## **Örorkulífeyrir**

Lífeyrisgreiðslur ársins námu 15,4 milljörðum króna, þar af námu ellilífeyrisgreiðslur 9,3 milljörðum. Greiðslur örorkulífeyris námu tæplega 4,7 milljörðum króna eða liðlega 30% af öllum lífeyrisgreiðslum sjóðsins. Skuldbindingar sjóðsins vegna örorku, sem og beinar örorkugreiðslur eru með því hæsta sem þekkist innan lífeyriskerfisins. Sjóðfélagar lífeyrissjóða ávinna sér rétt til örorkugreiðslna með iðgjöldum sínum. Þetta er hluti af þeirri tryggingu sem sjóðirnir veita sjóðfélögum og skapar þeim öryggi. Hins vegar þýða miklar örorkuskuldbindingar að minna er til skiptanna til greiðslu ellilífeyris. Hluta tryggingargjalds hefur verið varið til að koma til móts við þá sjóði sem bera mikla örorkubyrði með árlegri greiðslu. Sú greiðsla hefur að hluta til átt að standa undir þessum örorkulífeyri og að jafna mismunandi örorkubyrði milli lífeyrissjóða. Að mati stjórnar vantar þó talsvert upp á að það framlag dugi til að standa undir lífeyri eða til að jafna örorkubyrði lífeyrissjóðanna. Ljóst er að það verkefni bíður nýrrar stjórnar og aðildarfélaga sjóðsins að eiga samtal við stjórnvöld um upphæð og skiptingu þessa framlags.

### **Starfsemi Gildis árið 2017**

Í lok árs 2017 voru starfsmenn Gildis 33 talsins, þar af starfa tveir á skrifstofu sjóðsins á Ísafirði. Gildilífeyrissjóður er þeirrar gæfu aðnjótandi að hafa á að skipa afar öflugum hópi starfsmanna. Það er ekki sjálfgefið en mjög mikilvægt. Mig langar fyrir hönd stjórnar að þakka starfsmönnum sérstaklega fyrir vel unnin störf og ánægjulegt samstarf á árinu.

Á árinu 2017 hélt stjórn Gildis alls nítján stjórnarfundum auk þess sem haldinn var eins dags stefnumótunarfundur í maí og tveggja daga stefnumótunarfundur í september. Ég held að óhætt sé að fullyrða að árið 2017 hafi verið árangursríkt á vettvangi stjórnar. Að því sögðu er hins vegar ljóst að verkefni framundan eru líka ærin.

Mig langar að þakka stjórn fyrir ánægjulegt samstarf á árinu, en sérstakar þakkir vil ég færa þeim stjórnarmönnum sem nú hverfa úr stjórn vegna tímamarka, fyrir þeirra mikla og góða framlag til sjóðsins. Þetta eru þau Konráð Alfreðsson og Þórunn Liv Kvaran. Ykkar verður sárt saknað, hafið kærar þakkir fyrir samstarfið.

Síðast en ekki síst vil ég fyrir hönd stjórnar þakka sjóðfélögum fyrir ánægjuleg samskipti og samstarf á árinu.